

Garðfuglakönnun Fuglaverndar veturinn 2009-2010

Könnunin er með sama sniði og liðna vetur, en fyrsta Garðfuglakönnunin á vegum Fuglaverndar var gerð veturinn 1994-95. Markmiðið með Garðfuglakönnuninni er sem fyrr að athuga hvaða fuglar sækja í garða, í hve miklu magni og breytingar í tegundasamsetningu yfir vetrarmánuðina, og skoða breytileika milli ára. Árangur í starfi sem þessu veltur að sjálfsögðu á þér félagi góður. Vakin er athygli á nýjum vef um garðfugla á slóðinni: <http://www.fsu.is/~ornosk/gardfuglar/>.

Meðfylgjandi eru eyðublöð til útfyllingar og nokkrar spurningar um eðli og umfang garðsins/garðanna. Könnunin hefst 25. október 2009 og lýkur 24. apríl 2010. Vonast er til þess að þeir þátttakendur sem eiga tölvu og hafa tölvupóst geti slegið inn talningar sínar og sent síðan félaginu á tölvutæku formi, slíkt mun spara allan þann tíma sem fer í innslátt á talningum. Við hvetjum sem flest ykkar til að taka þátt, hvort sem þið gefið fuglum eða ekki. Sendið útfyllt eyðublöð sem fyrst eftir lok könnunar, í síðasta lagi fyrir maílok 2010. Netfangið er: gardfugl@gmail.com. Ef niðurstöður eru sendar með pósti þá er utanáskriftin:

Fuglavernd
Garðfuglakönnun
Skúlatúni 6
105 Reykjavík

Hvaða fugla á að telja

Skráið alla fugla sem nota garðinn á einhvern hátt, t.d. þá sem koma í æti, baða sig, hvíla o.s.frv. Fuglar sem fljúga í gegnum garðinn eins og t.d. smyrill á eftir bráð eða hrafn sem tyllir sér á húspak skal skrá. Sleppið aftur á móti þeim fuglum sem aðeins eru á flugi yfir.

Skráningaraðferðir

Reynið að telja nokkrum sinnum í hverri viku, en ein vikuleg talning hluta úr degi er þó fullgild. Talningarvika er frá sunnudegi til laugardags, svo tvær helgar falli innan sömu talningarviku. Hámarkstala hvers tímabils er síðan skráð á talningareyðublaðið í lok vikunnar. Fylgist þú reglulega með fuglum í garðinum þínum er einfaldasta aðferðin að nota vasabók, gera síðan lista yfir tegundir og skrifa niður fjölda fugla í hverri talningu, t.d. á eftirfarandi hátt:

	Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
Stari	5	2	1	11	0	7	5

Í lok vikunnar setur þú hæstu töluna á eyðublaðið, í þessu tilviki 11. Nauðsynlegt er að telja ávalt sama garð/garða. Talningin er sem sagt ekki bundinn við að þú teljir garðinn þinn út um eldhúsgluggann, þó margir beri sig væntanlega þannig að. Þú getur talið aðliggjandi garða fjarri heimili þínu. Þetta þarf ávalt að vera gert á sama hátt, þ.e. **stöðluð talning**, og lýsing á garðinum/görðunum þarf að koma skýrt fram á eyðublaðunum. Að sjálfsögðu er ekki nauðsynlegt að telja alla daga vikunnar, nóg er að fylgjast með garðinum hluta úr degi einn dag í viku að lágmarki.

Gangi ykkur vel!

Þátttakendur vinsamlegast svari eftirfarandi spurningum, ef þú hefur fyllt út samsvarandi eyðublað áður er óþarfi að svara þessum spurningum, þ.e. ef engar breytingar eru frá ári til árs.

Hvað er garðurinn stór í m²? _____ Áætluð stærð grasflatar í m² _____. Hverjar eru helstu trjategundir og runnar (sérstaklega berjarunnar og tré), er limgerði í garðinum og hvaða trjategund er í því? _____

Hafa fuglarnir aðgang að vatni í garðinum _____. Er varpkassi eða -kassar í garðinum? Ef svo er, fyrir hvaða fugla? _____

Verpa fuglar í garðinum _____, hvaða tegundir? _____

Er fuglum gefið reglulega yfir vetrartímann? ____ Ef fuglum er gefið fóður, hvar er þá gefið og hversu oft, t.d. á jörðu, fóðurbretti, bílskúrþak? _____

Hvað er gefið, maískorn, hveitikorn, páfagauka/finkufóður, brauð, kjötsag eða eitthvað annað? _____

Hversu mikið magn af fóðri áætla þú að gefið í hvert skipti (t.d. í grömmum talið)? _____

Athugasemdir (s.s. nánari lýsing á umhverfi, staðsetning garðs, og aðrar athugasemdir): _____



Fuglavernd

Skúlatúni 6 • 105 Reykjavík • Sími 562 0477 • fuglavernd@fuglavernd.is • www.fuglavernd.is

Garðfuglatalning Fuglaverndar veturinn 2009-2010

Nafn: _____

Póstnúmer: _____

Staður: _____

Netfang: _____

		Tegund								
Vika	Tímabil									
1	25.10-31.10.									
2	1.-7.11.									
3	8.-14.11.									
4	15.-21.11.									
5	22.11-28.11.									
6	29.11.-5.12.									
7	6.-12.12.									
8	13.-19.12.									
9	20.12.-26.12.									
10	27.12.-2.1.									
11	3.-9.1.									
12	10.-16.1.									
13	17.-23.1.									
14	24.1.-30.1.									
15	31.1-6.2.									
16	7.-13.2.									
17	14.-20.2.									
18	21.-27.2.									
19	28.2.-6.3.									
20	7.-13.3.									
21	14.-20.3.									
22	21.-27.3.									
23	28.3.-3.4.									
24	4.-10.4.									
25	11.-17.4.									
26	18.4.-24.4.									

Athugasemdir: